

Ása Ólafsdóttir

Sýning á myndvefnaði að Kjarvalsstöðum
17. september – 2. október 1988

Með þessari vinnu minni, sem ég sýni á Kjarvalsstöðum, trúi ég því að ég hafi verið að tvinna eigin lífsþráð í vefinn.
Ég hef horft til baka á seinustu tvö ár, skoðað myndirnar frá þessu tímabili og tengt þær við atburði í lífi mínu.
Ég á þessum myndum mikið að þakka, þær hafa verið mér mjóar hengibrýr yfir mórauð stórfljót sem ég varð að komast yfir.



Að baki er dauðinn, framundan lífið.
Finna til, horfa inn á við.
Líta út, yfir sjóinn, sjá fjöllin, jökulinn og sólarlagið, fanga auknablikið.
Horfa út, sjá þokuna, rigninguna. Horfa inn, finna grámann.
Horfa út, sjá glytta í jökul, finna innri orku.
Alltaf að teikna.
Taka fram garn, hart garn, mjúkt garn, þukla á því með höndum og augum.
Tvinna saman marga fína loðna þræði á snældu og leggja harðan hör með.
Vinda bandið upp í hespur og líta þær, gera þær að þoku og myrkri.
Búa til uppistöðu. Þræða í skeið. Setja uppistöðuna í vefstólinn.
Þræða hvern þráð í hafald og tönn, hnýta fram og spenna.
Klippa vefinn úr stólnum, flétta þræði, spenna myndina, úða hana með vatni, láta þorna.
Festa borða, kaupa spitur, saga í lengdir. Rúlla verkinu upp, pappír utanum, setja myndina hjá hinum uppá skápinn.
Byrja svo aftur.

Nám við myndlista- og handíðaskóla Íslands 1969-1973 og
framhaldsnám við Konstindustriskolan Göteborgs Universitet 1976-1978

Einkasýningar

1981 Kjarvalsstaðir, Reykjavík.
1983 Norðurlandahúsið, Færeyjum.
1983 Listmunahúsið, Reykjavík.
1984 Galleri Kongelf, Kungelv, Svíþjóð.
1985 Gallerí Borg, Reykjavík.
1985 Hafnarborg, Hafnarfirði.
1986 Gallerí Hallgerður, Reykjavík.

Helstu hóp- og samsýningar

1974 Haustsýning FÍM, Kjarvalsstöðum, Reykjavík.
1976 Kvennasýning Norræna húsinu, Reykjavík.
1976 Sveagalleriet, Stokkhólmi.
1981 Röhsska Museet, Gautaborg.
1982 Galleri Nordvästen, Gautaborg.
1982 Gerlesborgskolan, Bohuslän.
1982 Röhsska Museet, Gautaborg.
1982 Nordic Heritage Museum, Seattle.
1983 Konstnärscentrum Väst, Gautaborg.
1983 Frölunda Kulturhus, Frölunda.
1983 Kalmar konstmuseum, Kalmar.
1983 Röhsska Museet, Gautaborg.
1984 Kunstforeningen, Gammel Strand, Kaupmannahöfn.
1984 Listahátíð, Gerðubergi, Reykjavík.
1985 Textílfélagið, Kjarvalsstöðum, Reykjavík.
1987 Myndlistarsýning að Hallveigarstöðum, Reykjavík.
1987 Sumarsýning Listasafns ASÍ, Reykjavík.

Verk í opinberri eigu.

Göteborgs och Bohusläns Landsting, 1982.
Röhsska Museet, Gautaborg, 1983.
Älvsborgsläns Landsting, 1983.
Landstinget Västernorrland, 1983.
Göteborgs och Bohusläns Landsting, 3 sjálfstæð verk, 1984.
Menntaskólinn á Ísafirði, með styrk úr Listskreytingasjóði, 1984.
Listasafn Íslands, 1985.
Reykjavíkurborg, 1985.
Hafnarborg, Menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, 1985.
Borgarspítalinn, með styrk úr Listskreytingasjóði, 1986.
Lista- og menningarráð Kópavogs, 1986.
Snæfells- og Hnappadalssýsla, opinber gjöf til forseta Íslands, 1987.

Hlaut listamannalaun frá sænska ríkinu 1981,
sýningarstyrk frá Nordiska Konstförbundet 1981 og
3ja mánaða listamannalaun frá Íslenska ríkinu 1983.



ÁSA ÓLAFSDÓTTIR

Bárugötu 37A,
101 Reykjavik.
Sími: 91-12787